

Fulltrúar þeirra samtaka, er boðuð eru á fundinn skulu hafa fullgilt skriflegt umboð stjórnar þeirra samtaka er þeir eru fulltrúar fyrir.

Fulltrúi frá ráðuneytinu stjórnar fundinum.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 24/1970 um æskulýðsmál og öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 299/1972.

Menntamálaráðuneytið, 29. nóvember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Hlaðvarpans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra 1. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Hlaðvarpans.

1. gr.

Stofnandi sjóðsins er Vesturgata 3 hf. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Hlaðvarpans. Lögheimili hans er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 84 000 og skal það ávaxtað með bestu fánlegum ávöxtunarkjörum hverju sinni.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé, gjafafé og tekjur af happdrætti sem styrktarsjóðurinn starfrækir. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu fánlegum ávöxtunarkjörum hverju sinni.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

- a) að styrkja listamenn með beinum fjárframlögum.
- b) að skapa listamönnum vinnu- og sýningaradstöðu í Hlaðvarpanum með endurnýjun og uppbyggingu þeirra húsa sem þar eru fyrir hendi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og þrír til vara. Skulu þeir skipaðir af stjórn Vesturgötu 3 hf. til tveggja ára í senn. Þess skal ávallt gætt að í sjóðsstjórn sitji a.m.k. einn stjórnarmaður Vesturgötu 3 hf. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins tilnefnir á hverju ári fimm manna úthlutunarnefnd til að útnefna styrkþega skv. 2. grein. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverri eftirtalinna listgreina: myndlist, tónlist, bókmenntum og leiklist auk eins fulltrúa úr stjórn sjóðsins.

7. gr.

Úthlutunarnefnd skal auglýsa styrki úr sjóðnum fyrir 1. maí ár hvert og skulu umsóknir berast fyrir 1. júlí. Styrkþegar skulu aldrei vera fleiri en tveir á ári. Nefndin skal ljúka störfum eigi síðar en 1. ágúst ár hvert.

8. gr.

Styrkþegi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Hann skal vera íslenskur ríkisborgari.
- b) Hann skal hafa lokið námi í listgrein sinni eða hafa starfað að henni í a.m.k. fimm ár.
- c) Hann skal leggja fram fullnægjandi greinargerð um hvernig hann hyggst verja styrknum.

9. gr.

Samhljóða samþykki sjóðsstjórnar þarf til að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja sjóðinn niður.

10. gr.

Sjóðsstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega. Skulu þeir endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisins og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til menningarstarfsemi í þágu kvenna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóðs lyflækningadeildar Landspítalans, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. desember 1986.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóð lyflækningadeildar
Landspítalans.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Tækjakaupa- og vísindarannsóknasjóður lyflækningadeildar Landspítalans. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir: Snorri P. Snorrason, nnr. 8218-2381, Þórður Harðarson, nnr. 9514-5108 og Jóhann Ragnarsson, nnr. 4988-5865.